

listatíminn-listatíminn-listatími

PICASSO


Þriðja grein Haraldar Jóhannssonar um Picasso í tilefni af væntanlegri sýningu á verkum hans á Listahátíð

BARN MEÐ DÚFU var eitt þeirra málverka, sem Sabartés hafði séð hjá Picasso í vetrarbyrjun 1901, (en það kann að hafa verið honum upprifjun. Sjá Mary Mathews Gedo, **Picasso, Art as Autobiography**, Chicago, 1980). Að miklu leyti var það í bláum lit. (Mynd 23) Fast á eftir barnsmynd þessari mun hann hafa málað fyrstu trúðamyndir sínar. Hafði hann snúið baki við „landslagi, götulífi, söngdanhúsum og uppstilltum blómum í öllum myndum þeirra og málaði nær einvörðungu mannvörur, ósjaldan einar saman og kyrrstæðar, gegnt fábrotnum bláum bakgrunni, nær útmáðum.“ Uppi eru getgátur um hvaðan Picasso kom blái liturinn. „Margar síðustu myndir Cezanne voru gegnsýrðar bláum lit; rétt fyrir aldamótin hafði Matisse málað í bláum lit allmargar stórar myndir af mannvörum, en um þær mun Picasso ekki hafa vitað; og Carrière, sem Picasso dáði, málaði drungalegar einlitar myndir, en gráar, ekki bláar. Nokkrir catalónskir listskýrendur geta áhrifa frá Isidro Nonell, en dapurlegar mannvörur hans eru nauðalíkar mannvörum Picasso.“ (Barr, **Picasso**, bls. 22)

Til Barcelona kom Picasso aftur í janúar 1902. Því sinni þáði hann að búa í íbúð foreldra sinna í 3 Calle de la Merced. Innhlaup fékk hann á vinnustofu á snærum Angels Fernandez de Soto, þótt leigð hefði verið öðrum. „Hann lifði og hræðist á meðal utangarðsfólks, tötralyðs. Var örbirgð þess meiri en honum hafði nokkru sinni til hugar komið.“ (John Berger, **The Success and Failure of Picasso**, Harmondsworth, 1956, bls. 43) Og málaði hann „niðurlítar mannvörur með undrunarsvip og vonleysis.“

Á ytra borði voru dagar hans hver öðrum líkir. Hann var sjaldan snemma á fótum, nema ekki hefði gengið til náða, eins og fyrir kom. Spölinn á vinnustofuna þræddi hann um þröngar götur miðborgarinnar um ellefu-leytið. Að var hann fram undir nónbil, að hann gekk á Els Quatre Gats, snæddi miðdegisverð og ræddi við kunningja sína. Á vinnustofunni málaði hann síðan, oft drjúgar stundir, langt fram á kvöld. Þá mataðist hann heima, en fór oft út aftur síðla kvölds, settist á krá eða gekk um og ræddi við kunningja á förnun vegi. Heim kominn las hann fram á nótt.


Í París efndi Manach til sýningar á myndum eftir Picasso og franskan málara í sýningarsal Berthe Weill í apríl 1902, en ekki varð hún sölusýning. Fréttir bárust Picasso frá París og eitt bréf af minnsta kosti skrifaði hann Max Jacob á stíðri frönsku og sagði í því: „Ég ætla að gera málverk eftir þessari teikningu, sem ég sendi þér. Málverk þetta, sem ég er að gera, er af hóru frá St.



23. „Barn með dúfu“



24. „Tvær systur“



25. „Tvær konur við bar“




26. „Corina Pere Romeu“

Lazare-sjúkrahúsi og nunnu. Sendu mér eitthvað eftir þig til birtingar í **Pely Ploma**.“ Í meðförum hans varð nunnan að systur hinnar, og er málverkið kallað „Tvær systur“. (Mynd 24) Með lokuð augu drúpir hórán höfði og leitar velvirðingar systur sinnar, móður.

Um sama leyti mun hann hafa málað „Tvær konur við bar“. (Mynd 25) Snúa þær baki við áhorfendum, en á milli þeirra er glas eða kaleikur. Frá þessum mánuðum eru líka „Corina“, eiginkona Pere Romeu, og „Andlitsmynd af manni“. (Myndir 26 og 27) Fátt fannst honum samt sem áður verða sér til uppörvunar, að fram kom í bréfi hans til Max Jacob, og er sumri hallaði 1902 hugðist hann bregða undir sig betri fætinum.

TIL Parísar fór hann félitill í október 1902. Í Hotel du Maroc í rue de Seine leigði hann þakherbergi ásamt spænskum myndhöggvara. Þar málaði hann „Móður og barn á ströndinni“, en hafði varla ofan í sig. Tók Max Jacob hann þá til sín í herbergi sitt á efstu hæð í 87 Boulevard Voltaire, en hann vann þá í stórverslun. Svaf Max Jacob á nóttunni, en Picasso á daginn, og þröngt var í búi hjá þeim. Í nóvember 1902 stóð Manach fyrir sýningu á myndum eftir Picasso, Ramon Pichot og tvo franska málara í sal Berthe Weill, en engin mynda Picasso seldist. Hafði hann þá ekki ráð á striga og litum og teiknaði einungis. Í bakkafullan lækinn bar, þegar Max Jacob missti vinnu sína um áramótin, en í þann mund seldi Picasso „Móður og barn á ströndinni“ fyrir 200 franka og hraðaði sér heim. Þessa hálfis þriðja mánaðar hjá Max Jacob minnst hann síðar í bréfi til hans: „Mér verður hugsað til herbergisins í Boulevard Voltaire, eggjakökunnar, ostsins, baunanna, steiktu kartaflanna, og ég minnst fátæktar þessara daga og ég verð dapur í huga.“

Til Barcelona kom Picasso aftur í janúar 1903. Allt það ár hafði hann innhlaup á vinnustofu, sem hann hafði um hríð deilt með Casagemas 1900, en varð einn um vinnustofu í ársbyrjun 1904. Í þeim málaði hann um 50 mikils háttar málverk á tæpum fimmtán mánuðum, og eru þeir sagðir miðbik bláa skeiðs hans. Um látbragð og stöðu voru myndpersónur hans enn samar við sig, en hlutfallslegri lengingu mannlíkamans í áhersluskyni beitti hann enn frekar en áður, en á ofanverðri 16. öld hafði það verið stílblagð ýmissa málara, ekki síst El Greco. Taldi Picasso þá listaverk lúta að tilfinningum manna, ekki



27. „Andlitsmynd af manni“



28. „Lífið“

álitlegum smámunum, en þær þyrfti að sýna ljóslega, án undanbragða og tilgerðar. (Maurice Roynal, **Picasso**, Genf, 1953, bls. 27–28)

Veturinn 1903 vann hann að stóru málverki, (um 2,0 × 1,3 m). Það var af þremur mannvörum. Annars vegar hallar ung nakin kona sér upp að karlmanni í mittiskýlu einni saman og hins vegar stendur alklaedd kona með barn í fangi. Af málverkinu gerði hann marga upprætti. Fékk karlmaðurinn að lokum á sig andlitssvip Casagemas og á miðjum bakgrunni komu fram tvær myndir, sú efri eftir Gauguin, hin neðri eftir Van Gogh. Við málverkið lauk hann á sumarmálum, og er það kallað „Lífið“. (Mynd 28). Annað málverk, því ekki óáþekkt, „Harmleik“, – málaði hann um líkt leyti. (Mynd 29). Sterkum stílblögðum beitti hann á nokkrum myndum haustið 1903, „Gömlum gítar-leikara“, „Gömlum gyðingi“, og „Máltíð blinds manns“. (Myndir 30, 31 og 32) Í allt öðrum stíl málaði hann einnig stóra mynd. Á henni hvílir Soler klæðskeri hans með fjölskyldu sinni á grassverði, er þau hafa brugðið sér út fyrir borgina, en bakgrunni hennar breytti hann síðar.

Samt sem áður fór svo, að í Barcelona fannst honum vart sólarýn í myndlist, þegar liðið var fram á 1904, og síst rofa til, eftir að Pere Romeu hafði lokað Els Quatre Gats 1903 og hjólaði um, og á útmánuðum bjóst hann til að taka sig